



Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir réttaröryggisdeildar Landspítala, talaði á Læknadögum um þjónustu geðsviðs Landspítala við fanga með alvarleg geðræn veikindi. Mynd/gag

# Mistök að fækka úrræðum

Stefnt er að nýrri deild á Kleppi fyrir ósakhæfa fanga með alvarleg geðræn veikindi. Þetta segir yfirlæknir réttaröryggisdeildarinnar sem bendir á brotalamir í kerfinu. Hér hafi plássum fækkað. Þau séu nú helmingi færri en í Noregi

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Horfast verður í augu við að plássum hefur verið fækkað á geðsviðinu. Það eru mikil mistök,“ segir Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir á réttaröryggisdeild Landspítala.

Sigurður Páll hélt erindið *Þjónusta geðsviðs Landspítalans við fanga með alvarleg geðræn veikindi* á málþinginu *Geðheilbrigðisþjónusta við fanga* á Læknadögum þann 17. janúar. Hann ræddi við *Lækna-bláðið* í aðdragandanum og nefnir til að mynda að það hafi verið mistök að leggja niður Gunnarsholt fyrir langt leitt fólk með fíknisjúkdóma en starfsemin hafi þá verið komin í nýttiskuhúsnæði á Kjalarnesi.

„Þessi þróun gerði ráð fyrir að félagsmálafyrirvöld og sveitarfélög myndu sinna þessum hópi en við vitum að þeim fjölga sem eru heimilisláusir. Við höfum leyft okkur að samþykkja fækkaun úrræða. Bara það voru mistök. Nú veit ég að fólk sér að það þarf að gefa í. Við stefnum að því að bæta við deild á

Kleppi. Það veitir ekki af, því þeir sem þurfa langan tíma til að ná bata þurfa að vera á endurhæfingardeildum í lengri tíma.“ Róðurinn sé þungur.

Sigurður Páll segir engu skipta hver komi á réttar- eða öryggisdeildina, fangar eða fólk frá öðrum stofnunum. „Þetta eru einstaklingar sem verða veikir. Greina þarf þá rétt og veita bót meina sinna.“

Hann segir að rætt hafi verið um nýju deildina á Kleppi í mörg ár. „En núna er loksins búið að samþykkja hana en hætta er á að hún verið ekki tilbúin fyrr en í fyrsta lagi eftir ár. Sú deild mun hjálpa en það þarf líka að gefa í varðandi þjónustuna sem sveitarfélögum ber að veita fyrir hópa sem eru í þörf fyrir sérstakan stuðning við búsetu sína,“ segir hann. „Góð búseta með stuðningi er mikilvægur kjarni í bata geðsjúkra.“

Sigurður segir vanrækslu víða sjáanlega í heilbrigðiskerfinu. Hvort sem litið sé til öldrunarþjónustu eða geðheil-

brigðisþjónustu. Jákvætt hafi verið að réttargeðdeildin að Sogni hafi flust inn á Klepp í endurhannað húsnæði fyrir rúmum áratug.

„Við erum með helmingi færri pláss per/100.000 á réttargeðdeildum en Norðmenn. Við erum líka með helmingi færri pláss á almennu geðdeildinni en Norðmenn. Við erum langt á eftir. Þar liggur partur vandans.“

Hann segir að keðja þjónustunnar þurfi að halda frá greiningu að bata en nú sé staðan sú að reynt sé að útskrifa fólk eins hratt og hægt er. „Við værum að tala um allt annað líf ef við myndum tvöfalda plássin. Þá væri lengri vistunartími á geðsviðinu og betri stöðugleiki myndi nást hjá mörgum hópum sem eru veikir,“ segir hann.

„En samhliða yrði að efla og fjölga úrræðum úti í samfélaginu sem rekin eru af sveitarfélögum. Þar hefur verið lítil sem engin uppbygging síðasta áratug.“

## Fíknivandinn skotist fram úr öðrum geðrænum vanda

Mikil aðsókn er á fíknideild Landspítala og umferðin þar í gegn er hröð, því það er ásókn í að komast þar að, segir Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir á réttaröryggisdeild Landspítala síðustu fimmtán ár.

Sigurður Páll segir fíknisjúkdóma fyrirferðarmeiri á geðsviði Landspítala en fyrir 30 árum þegar mest fór fyrir sjálfskaðahugsunum, þunglyndi, kvíða eða geðrofi.

„Hópur sem notar fíkniefni hefur

orðið meira áberandi, fleiri eru komnir á götuna. Hópurinn sækir hingað og þangað til að komast í skjól,“ segir Sigurður Páll. Bæði fangelsiskerfið og geðheilsukerfið glími við sama vanda. Aðstöðuleysi.

„Það vantar fleiri úrræði og mannauð. Fíklar í mikilli neyslu eiga á hættu að þróa viðvarandi geðklofa einkenni sem meðhöndla þarf. Það þarf að vera hægt að bjóða lengri og betri þjónustu.“ Allt heilbrigðiskerfið hafi verið vanrækt.



Læknar drukku meðal annars kaffi frá Grundarfirði. Marta Magnúsdóttir stóð kaffivaktina á Læknadögum þetta árið ásamt eiginmanni sínum, Jan van Haas. Þau reka kaffibrennsluna Valeria þar í bæ og voru þau í fyrsta sinn á Læknadögum. Kaffið flytja þau inn frá Kólumbíu þaðan sem Jan er. Mynd/gag




Steinunn Þórdardóttir, formaður Læknafélagsins og Ragnar Freyr Ingvarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur. Mynd/gag



Kolbrún Pálsdóttir hélt fyrirlestur um hormónameðferð og áhættu á krabbameini í kvenlíffærum á málþinginu Konur, hormónar og krabbamein. Benti hún þar á að notkun getnaðarvarnarpillu minnki líkur á legbofskrabbameini og eggjastokkkrabbameini. „Áhrifin aukast með lengri notkun og haldast eftir að meðferð er hætt,“ greindi hún frá.

Stella Samúelsdóttir, framkvæmdastjóri UN Women á Íslandi, hélt athyglinni óskiptri þegar hún flutti fyrirlestur sinn Félagslegir þættir lýðheilsu á málþinginu Alþjóðaheilsa – Global Health.



### ÁHRIF COVID-19 Á KONUR

- Skuggafaraldur - mikil aukning á tilk. um heimilisofbeldi
- Um allan heim hafa um 243 milljónir kvenna og stúlkna á aldrinum 15-49 ára þurft að bola ofbeldi af hálfu maka, á fyrstu tólf mánuðum COVID
- Þrjú mánuðir af útgöngubanni í viðbót til viðbótar verði beittar kynbundnu
- Tilfellum mæðradauða fjölgar
- Tilfellum þvingaðra barnahjónabanda fjölgar

## Öryggi ógnað með yfir 100% rúmanýtingu

„Þetta er gríðarlega alvarlegt vandamál,“ sagði Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala þegar hann fór yfir tölur Landspítala um rúmanýtingu á málþinginu Són í heilbrigðiskerfinu? á Læknadögum


Tölur Runólfs sýndu tímabilið júní til nóvember 2023 og var nýtingin mest á lyflækninga- og bráðasviði. Þar var hún hæst 115% í nóvember en lægst 109%. Hún nam 111% á skurðeildinni í nóvember en lægst 99% á tímabilinu. Hún var 112% á hjarta-, æða- og krabbameinssviði í nóvember en lægst 102% á tímabilinu. Á öldrunar- og endurhæfingarsviði var hún á bilinu 103-105%. Aðrar deildir fóru ekki yfir 100%. Hann benti á að tölurnar sýndu ekki yfirfulla bráðamóttökuna og bið fólks þar eftir að komast á legudeildir.

Runólfur vísaði í nýjustu tölur OECD sem sýna að nýtingin í Evrópulöndum var á bilinu 50-90% á árinu 2021. Hann sló þann varnagla að tölurnar væru með-altöl og sjúkrahúsín í Evrópu mörg og ólík.

„Mörg sjúkrahús í stórborgum eru í vanda vegna vaxandi álags,“ sagði hann. Nýtingin að jafnaði 70% í þessum löndum, til dæmis í Þýskalandi og Lúxemborg, 77% í Noregi, 81% í Bretlandi. Írland var hæst með 90% nýtingu.



Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala fer yfir tölurnar á Læknadögum. Mynd/gag




**Framtíðin**

- Læknir hafi aðgang að allri sjúkraskrá sjúklings
- Gervigreind muni geta dregið fram lykluþýpplingar úr gömlum nótum, td búið til lista með heilsufarsögu sjúklings
- Fé fylgi sjúklingi sama hvar hann er í heilbrigðiskerfinu
- Engin óþarfa vottorð

Ólafur Orri Sturluson ræddi framtíðina og hvað blasti við yngri kynslóðinni á málþinginu Són in heilbrigðiskerfinu? Það var haldið á fyrsta degi Læknadaga. Mynd/gag



Sigríður Lilja Signarsdóttir heimilislæknir og fleiri fylgdust með málþinginu Lengi býr að fyrstu gerð í Kalalóni. Mynd/gag



Geðheilbrigði nokkurra 19. aldar skálda fengu sviðið í einu hádeginu, – Ottar Guðmundsson rúllaði því upp og salurinn tók allur undir í Eldgamla Ísafold, ástkæra fósturmold. Mynd/Védis



Borsteinn Markússon, Krister Blær Jónsson og Árni Steinn Steinþórsson.



„Það þarf ekki að líta langt yfir skammt þegar við lítum á hið augljósa að heilnæmt umhverfi; minni mengun, hlýtur að koma okkur öllum til góða,“ sagði forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, þegar hann ávarpaði opið málþing, Umhverfismál eru heilbrigðismál, á Læknadögum. Hér er hann með læknunum Unu Emilsdóttur, Kristínu Sigurðardóttur og Henry Alexander Henrysson sem fundarstjórn. Fjölmenn var þótt haldið um kvöld. Mynd/gag



Arndis Heimisdóttir, Sólveig Bjarnadóttir, Eir Starradóttir og Þórhalla Mjöll Magnúsdóttir.